

17 samkvæmt 2., 13., 14., 15., 17. eða 18. gr. laga þessara eða brýtur þær með öðrum
8. marz hætti, eða brýtur fyriræli í reglugerð, er stjórnarvörld setja samkvæmt lögum þessum, þá varðar það sektum, allt að 10000 kr., enda liggi ekki þyngri refsingar við samkvæmt öðrum lögum.

26. gr.

Taka má sektir eftir lögum þessum fjárnámi í búi hinna seku, enda ábyrgist eigandi skips eða eigendur, ef fleiri eiga skip en einn, allir fyrir einn og einn fyrir alla greiðslu sekta. Sama er um stjórnendur féлага og stofnana.

27. gr.

Ráðuneytið setur reglur um framkvæmd laga þessara, að því leyti, sem þess verður þörf, og innan þeirra takmarka, sem í þeim eru sett.

28. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglum, settum samkvæmt þeim, skulu rekin að hætti opinberra mála.

Sektir fyrir brot á lögum þessum og reglum þeim, er í 27. gr. segir, skulu renna í ríkissjóð.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 37 1930, um skráning skipa, og enn fremur lög nr. 26 1937, um breyting á þeim lögum, og lög nr. 39 1941, um breyting á sömu lögum.

Gjört í Reykjavík, 8. marz 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

18

8. marz

L Ö G

um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1948 með 100% álagi gjald samkvæmt lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, að viðbættu 50% álagi samkvæmt lögum nr. 121 1947, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld með viðauka. Hækkun þessi tekur þó ekki til gjalds af kaffibæti samkvæmt 1. lið 3. kafla greindra laga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 8. marz 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.